

23
7. maí

L Ö G

um

nauðungaruppboð á fasteignum og skipum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1 .gr.

Nú á fasteign eða skrásetningarskylt skip að seljast nauðungarsölu, og fer hún fram með einu uppboði, sem uppboðsráðandi auglýsir þrisvar sinnum í röð í blaði því, sem flytur opinberar auglýsingar. Skal fyrsta auglýsingin birt að minsta kosti 6 vikum áður en uppboð skal fram fara.

Ef sá, er uppboðs beiðist, óskar frekari auglýsingar, sjer hann sjálfur um það. Þó skal uppboðsráðandi, um leið og hann sendir uppboðsauglýsinguna til birtingar, skýra eiganda frá uppboðinu, í ábyrgðarbrjefi eða á annan tryggilegan hátt, ef vitanlegt er, hver hann er og hann er búsettur hjer á landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928 og frá sama tíma eru úr gildi numin þessi lagaboð:

Opið brjef 22. apríl 1817, 3. gr.,

Tilskipun 18. febrúar 1847, 10. gr., að því leyti sem hún snertir auglýsingu nauðungaruppboða,

og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við ákvæði laga þessara.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jónas Jónsson.